Breiðadalslína 1

Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Greinargerð og uppdráttur - Vinnslutillaga

8. maí 2026

VERKÍS

Breiðadalslína 1

Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Greinargerð og uppdráttur

Skv. 30. skipulagslaga nr. 123/2010

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

þann _____ 20 _____.

_____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

_____.

_____

_____

Önnur skipulagsgögn

Breyting á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði. Tilkynning vegna matsskyldufyrirspurnar.

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT ..... **iii**

1 INNGANGUR **1**
1.1 TILDRÖG 1
1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ 1
1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING 1

2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR **3**
2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ 3
2.2 LANDSLAG 3
2.3 NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR 4
2.4 NÁTTÚRUVÁ 6
2.5 VATNSHLOT 6
2.6 MENNINGARMINJAR 6
2.7 GILDANDI SVÆÐISSKIPULAG 7
2.8 GILDANDI AÐALSKIPULAG 7
2.9 GILDANDI DEILISKIPULAG 9
2.10 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR 10

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI **13**
3.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI 13
3.2 BREYTING Á GREINARGERÐ 14
3.2.1 Breyting á kafla *8.4 Landbúnaður* 14
3.2.2 Breyting á kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla* 14
3.2.3 Breyting á kafla *11.2.4 Rafveita* 15

4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS **17**
4.1 MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR 17
4.2 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT 17
4.3 SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA SKIPULAGSINS 20
4.3.1 Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í heild 20
4.3.2 Samlegðaráhrif 21
4.3.3 Eftirfylgni og vöktun 21

1 INNGANGUR

1.1 TILDRÖG

Landsnet vinnur að undirbúningi breytinga á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þ.e. á um 4,23 km langa 132 kV loftlínu við sunnanverðan Dýrafjörð. Framkvæmdin er mikilvægur liður í því að auka öryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum, en áður hefur Landsnet lagt jarðstreng í Dýrafjarðargöng. Framkvæmdin kallar á breytingu á á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir jarðstreng á þessum kafla línunnar. Í flutningskerfinu á Vestfjörðum eru jarðstrengir lagðir þar sem veruleg rekstraráhætta er til staðar og tæknilegar forsendur leyfa slíka lausn. Á svæðinu frá munna Dýrfjarðarganga að Dýrafjarðarbrú eru ekki forsendur til lagningar jarðstrengs, byggt á greiningu á ísingarvá, rekstrarreynslu og kerfislegum takmörkunum flutningskerfis.

Breiðadalslína 1 er loftlína en í gildandi aðalskipulagi eru allar núverandi raflínur auðkenndar með tákni fyrir rafstrengi. Fyrirhugað er að tengja línuna við jarðstreng sem þegar hefur verið lagður í Dýrafjarðargöng og breytingin afmarkast við línuleiðina frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Landsnet fyrirhugar ekki breytingar á línunni þar sem hún liggur yfir Dýrafjörð og að Breiðadal, en núverandi lína á þeim kafla er loftlína.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar, í samræmi við tl. 13.02, í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sem tekur til breytinga eða viðbóta á fyrirliggjandi framkvæmdum. Matsskyldufyrirspurnin er unnin samhliða breytingu á aðalskipulaginu. Jafnframt er unnið áhrifamat vatnshlota fyrir framkvæmdina og sýnileikagreining.

Aðalskipulagsbreytingin er unnin í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og í samræmi við 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Verkís.

1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Tilgangur skipulagsgerðarinnar er að skapa svigrúm í *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* fyrir lagningu Breiðadalslínu 1 við sunnanverðan Dýrafjörð á kafla frá Dýrafjarðargöngum og vestur fyrir Kjaranstaði að þeim stað sem línan liggur yfir Dýrafjörð. Markmiðið er að styrkja flutningskerfi raforku á Vestfjörðum og auka afhendingaröryggi í kerfinu. Markmiðið er einnig að lágmarka umhverfisáhrif af skipulagsbreytingunni og framkvæmdinni, svo sem af línunni sjálfri, gerð plana og vegslóða og efnistöku í tengslum við framkvæmdina.

1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 19. febrúar 2026 að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytinga á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* vegna Breiðadalslínu 1, skv. 30. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsing var kynnt frá 24. febrúar og til og með 17. mars 2026 í Skipulagsgátt og á vef Ísafjarðarbæjar. Á sama tíma var lýsingin send til umsagnar. Á kynningartímanum var umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við skipulagsgerðina. Umsagnir og athugasemdir bárust frá átta aðilum, sbr. yfirlit í neðangreindri töflu. Unnið var úr athugasemdum og þær nýttar við gerð vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir athugasemdir við skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Breiðadalslínu 1.

Nafn	Aðili	Dags.
Björn Davíðsson	Snerpa	24.2.2026
Sigurður Jón Hreinsson		3.3.2026
Finnbogi Bjarnason	Bolungarvíkurkaupstaður	11.3.2026
Lísabet Guðmundsdóttir	Minjastofnun Íslands	12.3.2026
Ragnar Kjaran Elísson, Hanna Laufey Elísdóttir, Ósk Elísdóttir, Friðfinnur Kjaran Elísson og Þröstur Kjaran Elísson		15.3.2026
Ingvar Atli Sigurðsson	Náttúrufræðistofnun	17.3.2026
Páll Sigurðsson	Land og skógur	17.3.2026
Sigríður Björk Jónsdóttir	Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun	18.3.2026

2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagsgerðin tekur til um um 4,3 km kafla Breiðadalslínu 1 og helgunarsvæðis hennar við sunnanverðan Dýrafjörð í Ísafjarðarbæ, sjá *Mynd 2.1*. Skipulagssvæðið er á láglendi í dreifbýli í innanverðum Dýrafirði, en fjörðurinn er þröngur og þar er lítið undirlendi.



Mynd 2.1 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020. Bláa línan sýnir núverandi legu Breiðadalslínu 1.

Ár og lækir renna niður brattar hlíðar um dali og gil, en þeirra stærst er Kjaransstaðaá. Vestfjarðarvegur liggur með ströndinni norðan skipulagssvæðisins en meðfram honum sér víða ummerki eldri vegagerðar og vegslóða.

Skipulagssvæðið liggur um jarðirnar Kjaransstaði (lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá) og Dranga sem er eyðibýli. Við bæinn á Kjaransstöðum eru tún en að öðru leyti fer framkvæmdin um óræktað land. Í nálægð við skipulagssvæðið er rafstrengur á vegum Orkubús Vestfjarða og ljósleiðari Snerpu.

Samkvæmt greiningu á aðstæðum fyrir gerð Dýrafjarðarganga[1] hlóðst berggrunnur Vestfjarða upp úr ótalmörgum hraunlögum fyrir um 16,5 til 10 milljónum ára. Í hraunlagastaflanum við sunnanverðan Dýrafjörð eru m.a. ummerki um Tjaldaneseldstöðina, þ.e. forns yfirborðs eldstöðvarinnar. Á svæðinu eru einnig sterk ummerki jökulrofs sem stefnir út Dýrafjörð og úr skálum og hliðardölum.

2.2 LANDSLAG

Samkvæmt flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu[2] er skipulagssvæðið innan landslagssvæðisins *6.1.1 Ísafjarðardjúp, sunnan- og vestanverðir Vestfirðir* og því er lýst á eftirfarandi hátt:

> *Djúpir jökulsorfnir firðir og inndalir á suðvestanverðum Vestfjörðum. Brött fjöll ganga upp frá fjarðarbotnum og þau hæstu ná um 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Undirlendi er lítið en gróið grasi eða birkikjarri. Skriður fjallanna eru lítt grónar, brattar, grófar og fremur óstöðugar. Lítt grónir melar á fjallstoppum. Byggð er í mörgum fjörðum, bæði strjál byggð í dreifbýli og þéttbýlisstaðir. Ísafjörður er þeirra fjölmennastur.*

[1] Ágúst Guðmundsson o.fl. (1999). Arnarfjörður – Dýrafjörður. Könnun á aðstæðum fyrir jarðgöng. Unnið fyrir Vegagerðina 1999. Jarðfræðistofan ÁGVST. Sótt 2. febrúar 2026 af https://www.vegagerdin.is/

[2] Anna Rut Arnardóttir o.fl.. (2020). Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. Unnið af Eflu verkfræðistofu og Land Use Consultants í Skotlandi fyrir Skipulagsstofnun.

2.3 NÁTTÚRUMINJAR OG VISTGERÐIR

Náttúruminjaskrá

Skipulagssvæðið er utan friðlýstra svæða, en það er innan svæða á náttúruminjaskrá, þ.e. aðrar náttúruminjar C-huta. Um er að ræða svæðið *311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu*[3], sjá *Mynd 2.2.*

Eftirfarandi segir um svæðið *311. Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar* í náttúruminjaskrá:

> *(1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjallendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.*

Í nálægð við skipulagssvæðið er einnig á C-hluta náttúruminjaskrár *312. Ketilseyri í Dýrafirði, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Ketilseyri í Dýrafirði.* Þar er að finna jarðlög með plöntusteingervingum og einstæðan fundarstað plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.

Á ströndinni og í fjörunni í Dýrafirði er svæði sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. Dýrafjörður[4] en svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða (*Mynd 2.2*). Skipulagsbreytingin tekur ekki til þess svæðis.

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar yfir tiltekin náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, þá er innan skipulagssvæðisins lítt raskað votlendi sem er stærra en 20.000 m^2 og meira en 200 m frá skurðum á láglendi, sjá *Mynd 2.3*.[5]

Samkvæmt athugasemd Náttúrufræðistofnunar við skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna hefur votlendi á þessu svæði verið raskað í tengslum við vegagerð.6 Svæðið telst því ekki óraskað og verndargildi þess er af þeim sökum lágt.



Mynd 2.2 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020. Einnig svæði á C-hluta náttúruminjaskrár og svæði sem er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár.

[3] Náttúruverndarstofnun (2026). Náttúruverndarsvæði. Náttúruminjaskrá. Vestfirðir. Sótt 2. febrúar 2026 af https://ust.is

[4] Náttúrufræðistofnun. (2020). Tillögur Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Dýrafjörður. Sótt 2. febrúar 2026 af https://www.natt.is/

[5] Náttúrufræðistofnun Íslands. (2026). Sérstök vernd náttúrufyrirbæra. Sótt 5. febrúar 2026 af https://www.ni.is

[6] Náttúrufræðistofnun. (2026). Breiðadalslína 2. Skipulagslýsing, breyting á aðalskipulagi. Garðabær, 17. mars 2026. Málsnúmer: 202602-0074.



Mynd 2.3 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020, og náttúruminjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Skipulagssvæðið er utan svæða sem teljast mikilvæg fuglasvæði samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar.[7] Botn Dýrafjarðar, þ.e. *Dýrafjörður,* ásamt fjörum, frá botni og út fyrir Lambadal, er hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár.[8] Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og þar er auðugt fuglalíf, m.a. fjöldi vaðfugla á fartíma og æðarfuglar á fellitíma. Svæðið við botn Dýrafjarðar er utan framkvæmdasvæðisins og framkvæmdir við lagningu línunnar ættu ekki að raska eða hafa áhrif á það svæði.

Vistgerðir

Fjölbreyttar vistgerðir eru innan skipulagssvæðisins og nærri þess. Meðal vistgerða á svæðinu eru *Starungsmýravist* sem hefur mjög hátt verndargildi og *Lyngmóavist á láglendi* með hátt verndargildi. Dæmi um vistgerðir með lágt verndargildi eru *Mosamelavist*, *Víðimelavist*, *Hraungambravist* og *Grasvíðiskriðuvist*. Auk þess eru *Skógrækt* og *Tún og akurlendi* innan skipulagssvæðisins, sjá *Mynd 2.4*.



Mynd 2.4 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Einnig vistgerðir á skipulagssvæðinu samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar.

[7] Náttúrufræðistofnun. (2026). Mikilvæg fuglasvæði. Sótt 18. mars 2026 af https://kort.gis.is/mapview/?app=natt

[8] Náttúrufræðistofnun. (2026). Tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Sótt 18. mars 2026 af https://kort.gis.is/mapview/?app=natt

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna kemur fram að óvissa sé í nákvæmri staðsetningu starungsmýrarvistar, þar sem skuggavarp frá fjöllum gæti hafa truflað myndgreininguna sem liggur til grundvallar vistgerðakortinu. Votlendinu hafi verið raskað með vegi og eldri vegslóðum í hlíðinni.

Fuglar

Fuglarannsóknir voru framkvæmdar af Náttúrustofu Vestfjarða við innanverðan Dýrafjörð í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Dýrafjarðarganga.[9] Einnig hafa verið framkvæmdar vetrartalningar fugla á svæðinu, þ.e. við ströndina frá Botnsá að Dýrafjarðarbrú (nr. svæðis VF03).[10] Samkvæmt rannsókn Náttúrustofunnar var þéttleiki mófugla á athugunarsvæðinu í Dýrafirði 49 pör á km^2. Samkvæmt Náttúrustofu Vestfjarða verpir Óðinshani við innanverðan Dýrafjörð en hann telst til tegunda í yfirvofandi hættu (NT) sbr. válista fugla 2025[11]. Meðal tegunda sem verpa á svæðinu og taldar eru í nokkurri hættu (VU) samkvæmt listanum, eru tjaldur, heiðlóa, lóuþræll og stelkur. Svæðið er ekki talið líklegt eða mikilvægt sem varpsvæði straumandar þar sem búsvæðin benda ekki til þess. Grágæs hefur sést á eða við svæðið, svo sem á túnum við Kjaranstaði, en ekki er talið að hún verpi á svæðinu. Einnig sjást ernir oft við ströndina í innanverðum Dýrafirði, aðalega yfir vetrartímann, en talið er ólíklegt að framkvæmdir muni hafa áhrif á búsvæði þeirra.

2.4 NÁTTÚRUVÁ

Á skipulagssvæðinu eru ekki þekktir staðir þar sem talin er hætta af völdum ofanflóða. Að sama skapi eru ekki innan skipulagssvæðisins staðir sem þekktir eru fyrir aftakaveður.

[9] Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. (2008). Fuglaathuganir í Borgarfirði í Arnarfirði og innarlega í Dýrafirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúustofa Vestfjarða. Sótt 17. apríl 2026 af https://island.is/s/hms

[10] Náttúrufræðistofnun. (2026). Vetrartalningar fugla. Sótt 17. apríl 2026 af https://www.natt.is

[11] Náttúrufræðistofnun. (2026). Válisti fugla 2025. Sótt 17. apríl 2026 af https://www.natt.is

2.5 VATNSHLOT

Samkvæmt Vatnavefsjá[12] er skipulagssvæðið innan grunnvatnshlotsins *101-274G – Vestfirðir*. Í nálægð við fyrirhugaða línu eru strandsjávarhlotin *101-1386-C – Dýrafjörður* og *101-1281-C – Dýrafjarðarbotn*. Kjaranstaðaá er innan skipulagssvæðisins en hún er ekki skilgreind sem vatnshlot í vatnavefsjá. Vísað er til áhrifamats vatnshlota sem er viðauki með matsskyldutilkynningu Breiðadalslínu 1 og einnig fylgiskjal hér með breytingartillögu aðalskipulagsins.

2.6 MENNINGARMINJAR

Fornleifaskráning var framkvæmd á svæðinu í tengslum við lagningu rafstrengs frá Þingeyri að Dýrafjarðargöngum[13] en skýrsla um skráninguna kom út árið 2017, sjá *Mynd 2.5*. Skráning minjanna var framkvæmd samkvæmt núgildandi lögum um menningarminjar og staðsetningu þeirra má sjá á minjavefsjá. Einnig eru fyrirliggjandi eldri fornleifaskráningar vegna vegagerðar og gangnagerðar milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar en þær fornleifaskráningar voru framkvæmdar samkvæmt þágildandi lögum um menningarminjar.[14,15]

[12] Umhverfisstofnun. (2026). Vatnavefsjá. Sótt 2. febrúar 2026 af https://ust.is

[13] Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. (2017). Fornleifakönnun vegna lagningu á rafstreng að Dýrafjarðargöngum. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, apríl 2017. NV nr. 17-17. Sótt 2. febrúar 2026 af https://www.minjastofnun.is/

[14] Margrét Hallmundsdóttir. (2009). Viðbótarkönnun á fornleifum vegna fyrirhugaðra ganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík , júní 2009. NV nr. 2-09. Sótt 2. febrúar 2026 af https://www.minjastofnun.is/

[15] Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. (2008). Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. Bolungarvík, mars 2008. NV nr. 7-08. Sótt 2. febrúar 2026 af https://www.minjastofnun.is/



Mynd 2.5 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Einnig skráðar fornleifa samkvæmt Minjavefsjá á skipulagssvæðinu. Í gögnunum eru ekki minjastaðir sem skráðir voru samkvæmt eldri lögum og ekki hafa verið staðsettar á Minjavefsjá.

Fjölmargar fornleifar eru á svæðinu og tengjast þær einkum byggð á Kjaranstöðum og Dröngum og eldri leiðum eða vegum um svæðið. Í fornleifaskráningu vegna rafstrengs voru skráðar voru sjö fornleifar á athugunarsvæðinu á landi Kjarnastaðakots og fjórar fornleifar á landi Hvamms. Unnið er að nánari skráning fornleifa á nýrri línuleið Breiðadalslínu 1 og niðurstaða skráningar mun liggja fyrir áður en óskað verður eftir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdina.

Ef áður óþekktar fornleifar finnast á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal hafa samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.7 GILDANDI SVÆÐISSKIPULAG

Á skipulagssvæðinu er ekki í gildi svæðisskipulag. Unnið er að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Skipulagssvæðið tekur til alls lands aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga, frá Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur að Stikuhálsi milli Bitru og Hrútafjarðar. Svæðisskipulagið tekur til 25 ára, þ.e. árin 2025-2050. Viðfangsefni svæðisskipulagsins samkvæmt vinnslutillögu taka til *Náttúru og auðlinda*, *Grunnkerfa*, *Samfélagsauðs*, *Atvinnu og nýsköpunar* og *Menningarauðs.* Tekið er mið af áherslum svæðisskipulagsins við útfærslu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2.8 GILDANDI AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 var samþykkt í bæjarstjórn 4. febrúar 2010, staðfest 31. mars 2010 og tók gildi 20. apríl sama ár. Gerðar hafa verið 23 breytingar á aðalskipulaginu frá því að það tók gildi en engin þeirra varðar skipulagssvæðið. Unnið er að heildarendurskoðun þess. Skipulagssvæðið tekur til rafveitu, landbúnaðarsvæða og efnistökusvæða, sjá *Mynd 2.6*.

Stefna gildandi aðalskipulags um rafveitu

Fjallað er um rafveitu í kafla *11.2.4 Rafveita* í greinargerð gildandi aðalskipulags. Þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi
- Hægt verði að mæta aukinni orkuþörf
- Bæta eyjarekstur og samnýta varaafl á svæðinu
- Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun verði sem hæst
- Stuðlað verði að aukinni orkunýtni
- Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af nýlagningu lína



Mynd 2.6 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, og landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Í aðalskipulaginu eru jafnframt skilgreindar leiðir sem helst hafa verið skoðaðar við framfylgd stefnu aðalskipulagsins um rafveitu. Í *Töflu 11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur* (bls. 169) eru ákvæði fyrir Breiðadalslínu 1, en þau eru eftirfarandi:

Lína	*Ákvæði*
Breiðadalslína 1 *66 kV flutningslína.* *Lengd 36,4 km.* *Liggur frá Mjólká að tengivirki í Breiðadal.*	*Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og almennt í jörðu þar sem kostur er.* *Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.* *Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.*

Breiðadalslína 1 er jafnframt sýnd á sveitarfélagsuppdrætti, þ.e. á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020; Sveitarfélagsuppdrætti – sunnan Djúps*. Á skipulagssvæðinu er línan sýnd sem rafveita í jörð (jarðstrengur) á uppdrættinum.

Stefna gildandi aðalskipulags um landbúnaðarsvæði

Fjallað er um landbúnað og landbúnaðarsvæði í kafla *8.4 Landbúnaður* í greinargerð aðalskipulagsins. Þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar
- Stuðla að því að þeir sem hafa áhuga á því að stunda búskap, fái tækifæri til þess
- Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar
- Bændur verði hvattir til að vinna að landnýtingaráætlunum fyrir jarðir sínar
- Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu
- Tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu

Í greinargerðinni eru skilgreindir takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, sbr. *Töflu 8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum* (bls. 109). Þar er m.a. tilgreind lágmarksfjarlægð frá veitulögnum.

Í töflu *8.3. Skipulagsákvæði landbúnaðarsvæða* (bls. 109-110) eru ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði utan hverfisverndarsvæða, en þau eru eftirfarandi:

Svæði	*Ákvæði*
Landbúnaðarsvæði utanhverfisverndarsvæða.	*Skógrækt, þ.m.t. nytjaskógrækt, er heimil á landbúnaðarsvæðum en skal falla vel að náttúrulegu og landslagi og menningarlandslagi.* *Skógrækt skal ekki spilla landi til matvælaframleiðslu, raska náttúrufyrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum, skerða óhóflega útsýni, berjalönd eða aðgengi að útivistarsvæðum. Sjá nánar í kafla 4.2 um skógrækt.* *Byggja má 3 frístundahús ef aðstæður leyfa á hverri jörð án þess að það komi fram á aðalskipulaginu.* *Frístundahús skulu ekki skerða gott land til matvælaframleiðslu.* *Landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein.* *Hefðbundin hlunnindanýting verði tryggð.* *Mikilvæg búsvæði fugla, s.s. æðarvarp, verði verndað gagnvart mannvirkjagerð og annarri umgengni sem gæti raskað þeim.* *Sjósókn og minni fiskverkun heimil.* *Heimilt að virkja bæjarlækinn, allt að 30 kW með minniháttar uppistöðulóni eða 200 kW án uppistöðulóns, án þess að breyta aðalskipulagi, sjá kafla 8.7 um iðnaðar og athafnasvæði.* *Heimilt að leita eftir heitu vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs án þess að breyta aðalskipulagi, sbr. kafla 8.7 um iðnaðar- og athafnasvæði.*

Stefna gildandi aðalskipulags um efnistökusvæði

Fjallað er um efnistökusvæði í kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla* í greinargerð aðalskipulagsins. Þar eru eftirfarandi markmið sett fram:

- Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi
- Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfi og náttúruleg gæði verði endurheimt

Í greinargerðinni er einnig nánari umfjöllun um lokun og frágang náma og tafla yfir efnistökusvæði í sveitarfélaginu ásamt ákvæðum fyrir þau.

2.9 GILDANDI DEILISKIPULAG

Innan skipulagssvæðisins er í gildi *Deiliskipulag Dýrafjarðarganga – Drangar,* deiliskipulag við munna Dýrafjarðarganga í landi Dranga sem tók gildi tók gildi 14. nóvember 2016, sjá afmörkun deiliskipulagssvæðisins á *Mynd 2.7*.



Mynd 2.7 Gula línan sýnir grófa legu framkvæmdarinnar, þ.e. kafla Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði, þar sem gerð er breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Einnig afmörkun deiliskipulagssvæðis, þ.e. Deiliskipulags Dýrafjarðarganga – Drangar (rauð lína).

Deiliskipulagið tekur til vinnubúða og vinnusvæðis vegna Dýrafjarðarganga, en þar var heimilt að staðsetja verkstæði, geymslur eða gáma, skrifstofuaðstöðu, spennistöð, steypustöð, sprengiefnageymslu og haugsvæði sem áætlað var að setja upp vegna framkvæmdanna. Í deiliskipulaginu kemur fram að framkvæmdum loknum verði vinnubúðirnar

fjarlægðar og gengið frá svæðinu þannig að ásýnd þess verði sem líkust því sem var fyrir framkvæmdirnar.

Í tengslum við breytingu á aðalskipulaginu nú er skoðað að breyta deiliskipulaginu í samræmi við þá breytingu, eða eftir atvikum fella deiliskipulagið niður.

2.10 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál og stefnu Ísafjarðarbæjar. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Þann 16. maí 2024 samþykkti Alþingi þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038[16] ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Skipulagsbreytingin tengist beint lykilviðfangsefni landsskipulagsstefnu um uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða og eftirfarandi kemur fram um það efni:

> *Innviðir eru forsenda fyrir þróun byggðar og kröftugu atvinnulífi. Uppbygging þeirra getur haft áhrif á ólíka hagsmuni varðandi þróun byggðar og landnotkunar. Innviðir tengdir flutningskerfum fyrir orku, vatn og varma, en einnig þeir sem snúa að flutningi, samgöngum og fjarskiptum, geta haft mismikil áhrif á íbúa og dæmi eru um að ágreiningur skapist um staðsetningu þeirra og hvernig gerð er grein fyrir þeim í skipulagi. Úr sumum þessara ágreiningsmála næst ekki að leysa og mikilvægar framkvæmdir ná ekki fram að ganga. Því er mikilvægt að til sé farvegur fyrir skipulagsákvarðanir og leyfisveitingar þjóðhagslegra mikilvægra innviða sem þjóna hagsmunum landsins alls.*

Skipulagsbreytingin tengist einnig viðfangsefnum landsskipulagsstefnu um landnotkun í dreifbýli. Áherslur landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi:

B.5 *Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.*

> *Framfylgd við skipulagsgerð í dreifbýli:*
>
> *5. Skipulagsákvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja öruggan flutning og afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvarðanir um lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem veldur minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.*

Breyting á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* vegna Breiðadalslínu 1 er í samræmi við áherslur *Landsskipulagsstefnu 2024-2038* um uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða og skipulags í dreifibýli.

Kerfisáætlun Landsnets

Kerfisáætlun er áætlun um uppbyggingu flutningskerfis raforku, annars vegar 10 ára langtímaáætlun og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Áætlunin byggir meðal annars á markmiðum raforkulagna um afhendingaröryggi og viðmiðum í stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Raforkueftirlit Umhverfis- og orkustofnunar samþykkir kerfisáætlun Landsnets, sbr. 9. gr. a í raforkulögum nr. 65/2003 og reglugerð nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku. Framkvæmdir við Breiðadalslínu 1 eru í samræmi við Kerfisáætlun 2025-2034[17], en í langtímaáætlun kemur m.a. fram að á næstu árum sé fyrirhugað að "… *hefja framkvæmdir við Norðurhring sem felst í nýrri línu á milli Mjólkár og*

[16] Alþingi. (2024). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Sótt 4. febrúar 2024 af https://www.althingi.is/

[17] Landsnet. (2025). Kerfisáætlun 2025-2034. Langtímaáætlun 2025 2025-2034. 10. desember 2025. Landsnet-25020.

Breiðadals, Breiðadalslínu 2. Hún verður lögð sem132 kV lína þó fyrirhugað sé að reka hana fyrst um sinn á 66 kV spennu og hefur hluti hennar þegar verið lagður sem jarðstrengur um Dýrafjarðargöng." Samkvæmt langtímaáætlun er Breiðadalslína 2 á áætlun 2029-2031. Jafnframt kemur fram í kerfisáætlun að Breiðadalslína 1 sé einn af helstu veikleikum kerfisins á Vestfjörðum.

Í Áætlun um framkvæmdaverk 2026-2028[18] er ekki gert sérstaklega grein fyrir framkvæmdinni, en sem fyrr segir eru ástæður þess að ráðist verður í breytingar á Breiðadalslínu 1 nú þær að línan fer yfir heiðina milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og rekstur línunnar á þeim kafla er erfiður. Framkvæmdin mun því strax auka öryggi flutningskerfisins á Vestfjörðum, þó svo að uppbygging kerfisins, þ.e. Breiðadalslínu 2 sé ekki lokið. Landsnet mun því þurfa að sækja um sérleyfi til Raforkueftirlitsins vegna framkvæmdarinnar.

Náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun

Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Skipulagsbreytingin (skipulagssvæðið) nær ekki inn á friðlýst svæði, en er innan svæðis á C-hluta náttúruminjaskrár.[19] Meðal sérstöðu svæðisins samkvæmt náttúruminjaskrá er fjölbreytt landslag og tekið er mið af því við útfærslu tillögu að breytingu á aðalskipulaginu.

Vatnaáætlun Íslands 2022-2027

Vatnaáætlun er unnin á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Vatnaáætlun felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Hluti af vatnaáætlun er aðgerðaáætlun þar sem settar eru fram aðgerðir til að tryggja gott ástand vatns og vöktunaráætlun þar sem markmiðið er m.a. að samræma vöktun á vatni um allt land.[20]

Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins *101-274G – Vestfirðir*. Í nálægð við fyrirhugaða línu eru strandsjávarhlotin *101-1386-C – Dýrafjörður* og *101-1281-C – Dýrafjarðarbotn*. Ólíklegt er að skipulagsbreytingin eða framkvæmdin hafi áhrif á vatnshlot en áhrifamat vatnshlota er unnið samhliða skipulagsgerðinni og tilkynningu um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Mynd 2.8 Úr Dýrafirði, séð inn til Kjaranstaða.

[18] Landsnet. (2025). Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Áætlun um Framkvæmdaverk 2026-2028. Dagsetning 1. september 2025. Landsnet - 25021

[19] Náttúruverndarstofnun (2026). Náttúruverndarsvæði. Náttúruminjaskrá. Vestfirðir. Sótt 2. febrúar 2026 af https://ust.is

[20] Umhverfisstofnun (2022). Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Sótt 4. febrúar 2026 af https://ust.is

Landslagssamningur Evrópu

Samningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins árið 2000 en var fullgiltur á Íslandi 1. apríl árið 2020. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags. [21]

Skipulagsbreytingin felur í sér skilgreiningu loftlínu í skipulagi og tengdum framkvæmdum eins og vegagerð og efnistöku, þ.e. röskun á landi af þeim sökum. Rík áhersla er á línan falli vel að landi og vandað verði til frágangs á svæðinu að framkvæmdum loknum.

[21] Umhverfisstofnun. (2025C). Alþjóðlegar skuldbindingar. Landslagssamningur Evrópu. Sótt 8. janúar 2025 af https://ust.is

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breyting er gerð á *Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020* þar sem skilgreind er loftlína í stað jarðstrengs á kafla Breiðadalslínu 1. Einnig eru skilgreind ný efnistökusvæði. Skipulagsgerðin er í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Einnig laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti, þ.e. *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020; Sveitarfélagsuppdráttur – sunnan Djúps,* og greinargerð aðalskipulagsins, þ.e. köflum *11.2.4 Rafveita*, *8.4 Landbúnaður* og *8.8 Efnistaka og vinnsla*.

3.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGSUPPDRÆTTI

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti, þ.e. *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020; Sveitarfélagsuppdráttur – sunnan Djúps,* þar sem Breiðadalslína 1 er sýnd sem rafveita í jörð, en breytist í loftlinu á um 4,3 km kafla frá Dýrafjarðargöngum að Dýrafjarðarbrú. Jafnframt breytist lega línunnar á þeim kafla. Breiðadalslína 1 er loftlína þar sem hún liggur yfir Dýrafjörð og að Breiðadal, en ekki fyrirhugaðar breytingar á þeim kafla línunnar.

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrættinum þar sem afmörkuð eru tvö ný efnistökusvæði, þ.e. *E38 – Kjaransstaðir – Nautahjalli* og *E40 – Drangahlíð*.

SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR - SUNNAN DJÚPS



GILDANDI SKIPULAG

MKV. 1:50.000



BREYTT SKIPULAG

MKV. 1:50.000

SKÝRINGAR

- Landbúnaðarsvæði
- Efnistökusvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúruminjaskrá
- Vötn, ár og sjór
- Stofnbrautir
- Tengibrautir
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Rafveita í jörð
- Rafveita - ný loftlína

V:\16\16165\teikn\V017 ASK - ÍSA - Breiðadalslína 1\16165-017 ASK ÍSA br Breiðadalsl 1.dgn

VERKÍS

3.2 BREYTING Á GREINARGERÐ

3.2.1 Breyting á kafla *8.4 Landbúnaður*

Gerð er breyting á kafla *8.4 Landbúnaður* í greinargerð aðalskipulagsins þar sem töflu *8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum* bls. 109 er breytt hvað varðar helgunarsvæði veita þar sem vísað er til stefnu aðalskipulagsins um rafveitu hvað varðar helgunarsvæði raflína.

Fyrir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *8.4 Landbúnaður* (bls. 106-110), tafla *8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum*, fyrir breytingu:

Takmarkandi þáttur	lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða. Jarðhitaleitarholur
Vatnsbakki	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Fornminjar	20 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

Eftir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *8.4 Landbúnaður* (bls. 106-110), tafla *8.2. Takmarkandi þættir við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum*, eftir breytingu:

Takmarkandi þáttur	lágmarksfjarlægð	Undantekningar
Landamerki	50 m	Sameiginleg uppbygging aðliggjandi jarða. Jarðhitaleitarholur
Vatnsbakki	50 m	Smávatnsvirkjanir Jarðhitaleitarholur
Fornminjar	20 m	Uppbygging til verndar minjum
Veitulagnir	25 m	Byggingar tengdar veitum. Um helgunarsvæði raflína gilda ákvæði í kafla *11.2.4 Rafveita*.
Stofn- og tengivegir	100 m	Jarðhitaleitarholur

3.2.2 Breyting á kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla*

Gerð er breyting á kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla* (bls. 128-131) í greinargerð aðalskipulagsins þar sem settar eru inn auknar heimildir til efnistöku við Dýrafjörð, þ.e. breytingar eru gerðar á töflu *8.9. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ.*

Fyrir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla*, tafla *8.9. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ.* Gerð, stærð og áætlað efnismagn fyrir efnisnámur og efnislosunarsvæði E12, og E19, fyrir breytingu:

Náma	Gerð	Stærð	Áætlað efnismagn
E12 - Innri Lambadalur.	Setnáma.	1,2 ha.	5.000 m^3.
E19 - Kjaransstaðir.	Grjótnáma.	0,8 ha.	15.000 m^3.

Eftir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *8.8 Efnistaka og vinnsla*, tafla *8.9. Efnistökusvæði í Ísafjarðarbæ* breytist. Settar eru inn auknar heimildir til efnistöku í námum E12 og E19 í Dýrafirði og tveimur nýjum efnistökusvæðum er bætt inn við sunnanverðan Dýrafjörð. Gerð, stærð og áætlað efnismagn fyrir efnisnámur E12 og E19 og skilgreining fyrir ný efnistökusvæði E38 og E40, eftir breytingu:

Náma	Gerð	Stærð	Áætlað efnismagn
E12 - Innri Lambadalur.	Setnáma.	3 ha.	10.000 m^3.
E19 - Kjaransstaðir.	Setnáma.	3 ha.	20.000 m^3.
E38 - Kjaransstaðir Nautahjalli.	Grjótnáma.	4 ha.	40.000 m^3.
E40 – Drangahlíð.	Skriðunáma.	3 ha.	45.000 m^3.

3.2.3 Breyting á kafla *11.2.4 Rafveita*

Gerð er breyting á kafla *11.2.4 Rafveita* (bls. 166-170) í greinargerð aðalskipulagsins þar sem gerð er breyting á ákvæðum fyrir Breiðadalslínu 1 og bætt inn töflu um helgunarsvæði raflína í samræmi við viðmið Landsnets um það efni.

Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ

Fyrir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *11.2.4 Rafveita*, tafla *11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur*. Ákvæði fyrir Breiðadalslínu 1, fyrir breytingu:

Lína	*Ákvæði*
Breiðadalslína 1 66 kV flutningslína. Lengd 36,4 km. Liggur frá Mjólká að tengivirki í Breiðadal.	Gert ráð fyrir því að línan verði lögð í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og almennt í jörðu þar sem kostur er. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.

Eftir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *11.2.4 Rafveita*, tafla *11.3. Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur*. Ákvæði fyrir Breiðadalslínu *1*, eftir breytingu:

Lína	*Ákvæði*
Breiðadalslína 1 66 kV flutningslína. Lengd 36,4 km. Liggur frá Mjólká að tengivirki í Breiðadal.	Línan verður lögð sem loftlína en lögð í jörð á þeim köflum þar sem veruleg rekstraráhætta er til staðar og tæknilegar forsendur leyfa slíka lausn. Gert ráð fyrir því að línan verði lögð sem jarðstrengur í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Ávallt skal leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið. Virða skal helgunarsvæði og tryggja aðgengi að línum og möstrum vegna viðhalds.

Helgunarsvæði raflína

Eftir breytingu

Texti greinargerðar gildandi aðalskipulags í kafla *11.2.4 Rafveita* breytist og inn kemur nýtt almennt ákvæði um helgunarsvæði raflína, þ.e. aftan við töflu *11.3 Stofnkerfi rafmagnsveitna í Ísafjarðarbæ: Flutningslínur og dreifilínur.* Nýtt ákvæði hljómar á eftirfarandi hátt:

Innan helgunarsvæðis háspennulína gildir byggingarbann sem felst í því að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð en ýmis önnur landnotkun er leyfð.

Línustærð/gerð	Helgunarsvæði	Skipulagsákvæði
Jarðstrengur	Öryggissvæði miðast við skurðbreidd, 3,5 m athafnasvæði til beggja hliða	Innan öryggissvæðis er óheimilt að byggja, grafa eða raska jarðvegi. Á landbúnaðarsvæðum er jarðvinna á efstu 0,30 m þó heimil. Óheimilt að reisa mannvirki innan athafnasvæðis.
Loftlína, 11 kV	10 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína, 66 kv	20-35 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína, 132 kV Byggðalína	25-40 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína, 132 kV stöguð stálmöstur	35-55 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.
Loftlína, 220 kV	60-75 m	Óheimilt að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis.

4 UMHVERFISMAT SKIPULAGSINS

Áhrif skipulagsgerðarinnar eru metin samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áhrif skipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum eru metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess. Samhliða skipulagsgerðinni er unnin tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdarinnar og vísað er til hennar hvað varðar nánari lýsingar á áhrifum framkvæmdarinnar og skipulagsgerðarinnar á umhverfið.

4.1 MIKILVÆGIR UMHVERFISÞÆTTIR

Áhrifaþættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

Í neðangreindri töflu (*Tafla 4.1*) er vinsun umhverfisþátta, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsins, þ.e. breytingu á aðalskipulaginu. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um fyrirhugaða efnistöku og breytingu á aðalskipulagi í tengslum við hana.

4.2 AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og aflað hefur verið við undirbúning skipulagsgerðarinnar. Þá verður einnig leitað til sérfróðra aðila, stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Tafla 4.1 Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna skipulagsgerðar í tengslum við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna Breiðadalslínu 1.

Matsþáttur	Umhverfisþættir	Skýringar
Náttúruminjar	Vatn, jarðmyndanir, jarðvegur, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni og loftslag	Rask á landi og losun jarðvegs vegna lagningu línunnar og vegagerð og losun gróðurhúsalofttegunda vegna þessa. Áhrif af efnistöku. Möguleg búsvæðaröskun á framkvæmdatíma.
Samfélag	Landslag, heilbrigði manna og útivist, hljóð, loft og fornleifar	Breyting á ásýnd lands og staðbundin áhrif á landslag á svæðinu. Truflun á framkvæmdatíma og áhrif á möguleika til útivistar, einkum á framkvæmdatíma. Möguleg röskun á fornleifum við framkvæmdir.
Innviðir	Efnisleg verðmæti	Áhrif af styrkingu innviða og aukins orkuöryggis. Áhrif af helgunarsvæði línunnar á nýtingu landbúnaðarlands og skógrækt.

Framsetning umhverfismats er í formi matstafla og texta. Lögð er fram skipulagstillaga ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á einstökum þáttum skipulagsins, en hún er sett fram í neðangreindri töflu. Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.[22] Umhverfisviðmiðin byggja á stefnu stjórnvalda, svo sem landsskipulagsstefnu (*Tafla 4.3*). Skilgreindar eru matsspurningar til að greina áhrifin og lagt er mat á hvort framkvæmdir samkvæmt útfærslu í skipulagi eða aðrir valkostir styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem viðeigandi umhverfisviðmið fela í sér.

[22] Skipulagsstofnun. (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Sótt 8. janúar 2025 af https://island.is/s/skipulagsstofnun/

Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	**Veruleg jákvæð áhrif.** Tillaga að aðalskipulagsbreytingu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu
+	**Jákvæð áhrif**. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið
0	**Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við**. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið
-	**Neikvæð áhrif.** Tillaga að aðalskipulagsbreytingu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið
- -	**Veruleg neikvæð áhrif.** Tillaga að aðalskipulagsbreytingu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu
?	**Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.** Óvíst er eða háð útfærslu hvort aðalskipulagsbreyting eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði

Tafla 4.3 Matsþættir, umhverfisþættir og viðmið fyrir umhverfismat tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Matsþáttur	Viðmið	Vísar	Matsspurningar
Náttúruminjar	**Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.** Í 61. gr. er ákvæði um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja sem njóta verndar skv. lögunum. **Landsskipulagsstefna 2024-2038.** [23] • *Áhersla A.4. Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru og menningarminja* • *Áhersla B.10. Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis..* **Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.** Viðmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að aðlögun að loftslagsbreytingum. **Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011**. Markmið laganna er m.a. að vernda vatn og vistkerfi þess og hindra frekari rýrnun vatnsgæða. Einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd auðlindarinnar.	Verndarsvæði Náttúruminjar Líffræðileg fjölbreytni Vistgerðir og gróðurfar Fuglalíf Vatnshlot Ástand vatnshlota	• Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á gróðri eða vistgerðum sem hafa hátt verndargildi? • Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér áhrif á fugla? • Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá (friðlýst svæði, fólkvanga eða önnur svæði á náttúruminjaskrá)? • Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið beint rask og varanleg áhrif á jarðmyndanir? • Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftslagsmál, þ.e. veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? • Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á eða breytir straumvatns-, grunnvatns- og stöðuvatnshloti eða hnignun vatnshlota og að þau nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott ástand?
Samfélag	**Lög um menningarminjar nr. 80/2012**. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. **Landsskipulagsstefna 2024-2038**. • *Áhersla A.5. Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.* • *Áhersla B.10. Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.*	Fornleifaskráning Menningarminjar Ásýnd lands Röskun lands Landslagsheildir	• Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér hættu á röskun á fornleifum? • Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á landi sem hefur staðbundin áhrif á landslag? • Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmiklar ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá mikilvægum stöðum eins og ferðaleiðum um svæðið? • Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist?
Innviðir	**Landsskipulagsstefna 2024-2038.** • *Áhersla B.5. Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku.* • *Áhersla C.6. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.*	Orkuflutningur Orkuframleiðsla Staða atvinnulífs og fjölbreytni	• Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum? • Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sjálfbærri nýtingu landbúnaðarlands?

[23] Skipulagsstofnun. (2025). Landsskipulagsstefna 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Útgáfa stefnu eftir landfræðilegri skiptingu. Sótt 18. ágúst 2025 af https://island.is/s/skipulagsstofnun

4.3 SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA SKIPULAGSINS

4.3.1 Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í heild

Neðangreind er samantekt á áhrifum framkvæmdarinnar og breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Breiðadalslínu 1.

Matsþáttur	Matsspurningar	
Náttúruminjar	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á gróðri eða vistgerðum sem hafa hátt verndargildi?	0
	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér áhrif á fugla?	0
	Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá (friðlýst svæði, fólkvanga eða önnur svæði á náttúruminjaskrá)?	0
	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið beint rask og varanleg áhrif á jarðmyndanir?	-
	Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á loftslagsmál, þ.e. veldur hún aukinni losun gróðurhúsalofttegunda?	-
	Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á eða breytir straumvatns-, grunnvatns- og stöðuvatnshloti eða hnignun vatnshlota og að þau nái ekki umhverfismarkmiði sínu um gott ástand?	0
Samfélag	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér hættu á röskun á fornleifum?	?
	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmikið rask á landi sem hefur staðbundin áhrif á landslag?	-
	Hefur stefnan/framkvæmdin í för með sér umfangsmiklar ásýndarbreytingar og sjónræn áhrif frá mikilvægum stöðum eins og ferðaleiðum um svæðið?	-
	Hefur stefnan/framkvæmdin áhrif á umferðaröryggi, loftgæði og hljóðvist?	0
Innviðir	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sterkari innviðum og þoli gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum?	+ +
	Stuðlar stefnan/framkvæmdin að sjálfbærri nýtingu landbúnaðarlands?	0 / -

Vísað er til tilkynningar um matsskyldu breytingar á Breiðadalslínu 1 hvað varðar lýsingu á mögulegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og niðurstöðu Landsnets um matsskyldu.

Núllkostur, þ.e. ef ekki yrði af skipulagsgerðinni, hefði almennt óveruleg áhrif á náttúruminjar og samfélag en verulega neikvæð áhrif á innviði hvað varðar þol samfélagsins gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum en óverulega áhrif á nýtingu landbúnaðarlands.

Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og framkvæmdarinnar á lífríki, þ.e. gróður og fugla, verða tímabundin og að mestu bundin við framkvæmdatíma. Sama á við um hávaða frá vinnuvélum og truflun á umferð vegna efnisflutninga. Áhrif á ásýnd lands og landslag eru veigamestu áhrifin af framkvæmdinni, þ.e. vegna ásýndarbreytinga og breytinga á landslagi á svæðinu, sem rekja má til 20 nýrra mastra og rasks á landi við gerð vegslóða og plana. Við túlkun áhrifanna er litið til þess að skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar er á C-hluta náttúruminjaskrár og gildi svæðisins felst m.a. í fjölbreyttu landslagi, gróðursælum hlíðum og dölum umgirtum stórskornu fjalllendi. Svæðið er þó að hluta til raskað og lega línunnar í landinu hefur í för með sér að hún verður ekki mjög áberandi nema þar sem hún liggur í nálægð við byggð í dreifbýlinu, þ.e. við bæinn Kjaranstaði.

Framkvæmdin liggur í nálægð við fornleifastaði, en ekki er líklegt að minjum verði raskað við framkvæmdir. Unnið verður að mótvægisaðgerðum í samræmi við þau tilmæli sem Minjastofnun Íslands mun setja. Samráð verður haft við Minjastofnun ef áður óþekktar fornleifar finnast á svæðinu.

Helgunarsvæði línunnar hefur óveruleg áhrif á núverandi landnotkun og nýtingu lands að teknu tilliti til staðsetningar skógræktarsvæða og tegunda sem ræktaðar eru á þeim svæðum, en helstu áhrifanna gætir vestan Kjaranstaða. Helgunarsvæði línunnar mun eigi að síður takmarka nýtingu lands til framtíðar, t.d. skógræktar innan þess svæðis þar sem takmarkanir gilda. Framkvæmdin nú, svo og Breiðadalslína 2, hafa jákvæð áhrif á afhendingaröryggi á Vestfjörðum.

4.3.2 Samlegðaráhrif

Engin bein samlegðaráhrif eru með tengdum framkvæmdum. Endurbætur á Breiðadalslínu 1 er hluti af þróun flutningskerfinu á Vestfjörðum til lengri tíma. Breyting á Breiðadalslínu 1 er áfangi í gerð Breiðadalslínu 2, þ.e. hluti af stærri framkvæmd.

4.3.3 Eftirfylgni og vöktun

Skipulagsgerðin kallar ekki á sérstaka vöktun eða eftirfylgni af framkvæmd skipulagsins, en vísað er til mótvægisaðgerða sem skilgreindar eru í tilkynningu vegna matsskyldufyrirspurnar breytinga á Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði.